



Fréttabréf Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands

3. tbl. 2. árg. september 2000

Formannspistill

Kæru félagar!

Haustið er komið með öllum sínum vangaveltum um hvað knattspyrnuþjálfarar ætla að gera á næsta keppnistímabili. Sumir hafa tekið ákvörðun um að halda áfram að þjálf þann flokk sem þeir voru með, aðrir ætla sér að breyta til og enn aðrir eru staðráðnir í því að taka sér hvíld frá knattspyrnuþjálfun um stundarsakir og koma svo ferskir inn að ári.

Þegar þjálfarar setjast og gera upp tímabilið er margt sem kemur upp í hugann. Hvers vegna gerði ég þetta og hvers vegna gerði ég ekki þetta í þessum leik? Af hverju breytti ég ekki liðinu á móti þessum o.s. frv. Þjálfarar verða að sjálfsgöðu að vera sjálfgagnrýnir og geta sagt eins og leikmenn, ég var slakur í þessum leik en góður í þessum. Til að taka framförum verða menn að vera færir um að sjá kostina og gallana hjá sjálfum sér, eins og hjá þeim leikmönnum sem verið er að þjálfra hverju sinni.

Á þessu keppnistímabili, eins og á öllum keppnistímabilum, skiptast á skin og skúrir hjá hinum ýmsu félögum. Sum félög hafa kostað miklu til í leikmannamálum en uppskeran ekki orðið eins mikil, eins og væntingar stóðu til. Önnur félög hafa tekið þá ákvörðun að fá fáa leikmenn til sín en byggja frekar á heimamönnum. Árangur er misjafnlega mældur, það er árangur að skila leikmönnum upp úr yngri flokkum félaganna og gera þá tilbúna til að leika með meistaraflokkum félaganna, aðrir segja að árangur sé eingöngu mældur með því að vinna titla, og er það óneitanlega einnig árangur.

Á þessu keppnistímabili hafa tvö úrvalsdeldarlið karla ákveðið að segja þjálfurum sínum upp á tímabilinu. Það er alltaf umdeild ákvörðun að reka þjálfara, en við verðum öll að gera okkur grein fyrir því að þó að allt líti vel út á ákveðnum tímamarki eru hlutirnir fljótir að breytast og ÖLL getum við lent í því að vera sagt upp störfum. Þá er mikilvægt að knattspyrnuþjálfarar standi saman og KþÍ hefur þá vinnureglu að ræða alltaf við þá þjálfara sem verða fyrir því að verða reknir úr starfi og bjóða fram þjónustu sína, en á það skal bent að það á eingöngu við þá þjálfara sem greitt hafa árgjaldið til KþÍ.

Á haustin koma alltaf upp vangaveltur um samningamál og minnum við félagsmenn á að verktaka- og launþegasamning er að finna á heimasíðu félagsins. Einnig bendum við félagsmönnum KþÍ á að ganga úr skugga um að búið sé að gera upp við þann þjálfara sem við erum að taka við af. Þjálfarar eiga að standa saman um það að semja ekki við þau félög sem standa ekki við gerða samninga og góð vinnuregla er að hafa samband við þann þjálfara sem var áður í starfinu, þannig getum við komist hjá því að lenda sjálf í vandræðum.

Eins og þið vitið öll verður ráðstefna í tengslum við bikarúrslitaleik karla laugardaginn 23. september n.k. í Þróttaraheimilinu í Laugardal, daginn fyrir úrslitaleikinn. Eins og í fyrra er ráðstefnan samvinnuverkefni KþÍ við Íþróttaskólann Kennaraháskóla Íslands og KSÍ. Hvetjum við ykkur að sjálfsgöðu öll til þess að mæta á ráðstefnuna, sem þótti takast mjög vel í fyrra og einnig að mæta á leikinn. Dagskráin er auglýst annars staðar í blaðinu, en eins og þar má sjá er dagskráin mjög spennandi og ljóst að margir muni eiga eftir að hafa bæði gott og gaman af.

Að lokum vona ég að þjálfarar taki sér gott frí, viði að sér hafsþjó af fróðleik, innan og/eða utanlands, verði sáttir við ákvörðun sína og komi ferskir til starfa á nýju keppnistímabili.

Kveðja,
Sigurður Þórir Þorsteinsson,
formaður KþÍ

Fréttir . . .

ÞJÁLFRARÁÐSTEFNA

Í tengslum við úrslitaleik Coca-Cola bikarsins verður þjálfararáðstefna laugardaginn 23. september n.k. Sjá nánar á síðu 3.

A STIG KSÍ

Helgina 29. september til 1. október verður A stig KSÍ haldið í Reykjavík. KþÍ hvetur félaga sína til að mæta, en tilkynna skal þátttöku til KSÍ í síma 510-2900 eða á tölvupósti til gudni@ksi.is

DANSKA BLAÐIÐ ÓKOMIÐ ENN

Því miður hefur danska félagsblaðið ekki borist til félaga KþÍ enn, en vænta má að blaðið komi á allra næstu dögum og vonum við að töfin hafi ekki komið að sök.

ENDURSKOÐUN Á FYRSTU STIGUM KSÍ

Nú stendur yfir endurskoðun á fyrstu stigum þjálfaramenntunar KSÍ og þar koma að málum nokkrir félagar úr KþÍ. Það eru þeir Sigurður Þórir Þorsteinsson, Leifur Sigfinnur Garðarsson, Kristján Guðmundsson og Þorlákur Már Árnason, auk Guðna Kjartanssonar fræðslustjóra KSÍ og Lúðvicks Georgssonar formanns fræðslunefndar KSÍ. Hafi menn einhverjar ábendingar fram að færa um það sem betur mætti fara á fyrstu stigum þjálfaramenntunarinnar, er þeim bent á að hafa samband við einhvern ofatalinna.

STYRKUR Á NÁMSKEIÐ ERLENDIS

Eins og í fyrra verður veittur einn fararstyrkur til að sækja námskeið erlendis. Styrkurinn er í formi farseðils til einhvern borgar í Evrópu og þarf sá sem styrkinn hlýtur að sjá sjálfur um upphald en sama er hvort farið er á námskeið eða farið til að kynna sér þjálfun hjá einhverju liði. Styrkurinn er skilyrtur því að skilað verði greinargerð til KþÍ um ferðina til birtingar á heimasíðu félagsins. Sækja þarf um styrkinn fyrir 1. október og ef fleiri en einn sækja um verður dregið úr umsóknum. Senda má umsókn á tölvupósti til kth@isl.is eða með því að hafa samband við stjórnarmann. Eingöngu skuldausir félagar



Stjórn KÞÍ

FORMAÐUR

Sigurður Þórir Þorsteinsson

Hs: 567 8028

GSM: 861 9401

siggisoss@hotmail.com

VARAFORMAÐUR

Bjarni Jóhannsson

Hs: 566 8566

GSM: 896 8566

bjarni.j@centrum.is

RI TARI

Elísabet Gunnarsdóttir

Hs: 557 3781

GSM: 899 1276

voff@simnet.is

GJALDKERI

Ómar Jóhannsson

Hs: 565 2761

GSM: 897 3438

omar.johannsson@isfba.is

SPJALDSKRÁRRI TARI

Magnús Pálsson

Hs: 565 0574

GSM: 897 4157

magnusp@islandia.is

VARASTJÓRN

Jóhann Gunnarsson

Hs: 587-2403

GSM: 899-1971

johanng@penninn.is

Njáll Eiðsson

Hs: 552-7131

GSM: 862-5616

sigrunv@itn.is

AÐRAR UPPLÝSINGAR

Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands

Brekkubæ 1

110 Reykjavík

Stofnað 1970

Kt: 501279-0139


<http://www.toto.is/felog/kthi/>

kthi@isl.is

Fréttabréf KÞÍ - 3. tokið 2. árgangur september 2000
Hönnun - Hr. Andri Ómarsson - Prentun - Hugmyndasmíðjan

Ásgeir Heiðar Pálsson er þjálfarinn . . .

Ásgeir Heiðar Pálsson, 34 ára gamall kerfisfræðingur, er þjálfari mánaðarins á heimasíðu KÞÍ. Ásgeir lék með Breiðablik og Stjórnunni upp yngri flokkana og með Stjórnunni í meistaraflokki. Lék eitt tímabil með Jarna Sk. í Svíþjóð en neyddist til að leggja skóna á hilluna í kjölfar slyss. Hann hóf þjálfaraferil sinn hjá Stjórnunni og var frumkvöðull að stofnun kvennaflokka þar árið 1984. Hefur verið viðloðandi kvennaknattspyrnu undanfarnir 16 ár. Ásgeir hefur þýtt og staðfært sænsk tölfræðiforrit og hefur hannað og skrifað nokkra gagnagrunna fyrir rannsóknir á knattspyrnumönnum. Ásgeir sýnir hér þrjár af fjórum æfingum sem er að finna á heimasíðunni.




Æfing 1

Tilgangur: Varnarhlutverk einstaklingsins. Vinna upp svæði á meðan boltinn er á ferðinni.

Aldur: Hentar fyrir alla aldurshópa

Svæði: 10x10 + 2m ræmur á tveimur hliðum.

Útskýring: Leikmaður A sendir á B og reynir að stytta bilið á milli þeirra eins mikið og mögulegt er á meðan boltinn er á leiðinni. Leikmaður A reynir að hindra B í að skora með því rekja boltann inni í "ræmurarnar" á hliðunum.




Æfing 2

Tilgangur: Varnaræfing, framhald frá æfingu 1.

Aldur: Hentar eldri aldurshópum.

Svæði: Vitateigur og 10m + fyrir fram.

Útskýring: A sendir háan bolta á B og C vinnur upp plássíð á meðan boltinn er á leiðinni. C reynir síðan að beina B út á kantinn og vinna boltann.



Æfing 3

Tilgangur: Sóknaræfing. Klára marktækifæri einn á móti markmanni undir pressu.

Aldur: Hentar öllum aldurshópum.

Svæði: Hálfur völlum

Útskýring: A sendir á C og tekur sprettinn útfyrir keilu og fær stungusendingu innfyrir. A má skjóta eða plata markmann. B má hlaupa af stað útfyrir keilu um leið og A sendir á C. B reynir að hindra A í að skora.

<http://www.toto.is/felog/kthi/>



Þjálfararáðstefna

í tengslum við bikarúrslitaleik Coca-Cola bikarsins

Laugardaginn 23. september 2000
í Þróttarheimilinu í Laugardal

- 10:00 **Ávarp**
Sigurður Þórir Þorsteinsson, formaður KÞÍ
- 10:05 **Markmannspjálfun**
Guðmundur Hreiðarsson, markmannspjálfari
- 10:45 **Kaffi**
- 11:00 **Úrslitaleikur Coca-Cola bikars karla, 1A-1BV**
Ólafur Þórðarson og Kristinn Rúnar Jónsson
þjálfarar liðanna ræða um bikarúrslitaleikinn
- 11:40 **Spáð í bikarúrslitaleikinn**
Bjarni Jóhannsson og Logi Ólafsson, knattspyrnuþjálfarar
- 12:10 **Hádegisverður**
- 13:30 **Vangaveltur um leikaðferð íslensku landsliðanna**
Atli Eðvaldsson og Logi Ólafsson, landsliðspjálfarar
- 14:45 **Kaffi**
- 15:00 **Hugleiðing um yngri flokka þjálfun**
Þorlákur Már Árnason, yfirþjálfari hjá 1A
Leifur Sigfinnur Garðarsson, fyrrum yfirþjálfari hjá KR
- 15:45 **Fræðslukerfi KSÍ**
Guðni Kjartansson, fræðslustjóri KSÍ
- 16:00 **Ráðstefnuslit**

Verð kr. 2000,- fyrir félagsmenn KÞÍ
Verð kr. 4500,- fyrir ófélagsbundna

**Skráning hjá stjórnarmönnum KÞÍ eða hjá KSÍ
fyrir kl. 12:00 föstudaginn 22. september**